



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Brynhildar Pálmardóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001 (20. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að staða bankastjóra Seðlabankans verði auglýst og að gerð verði krafa um háskólamenntun, reynslu og þekkingu á sviði peninga- og efnahagsmála.

Um leið og vandséð er að þörf sé á þremur bankastjórum í seðlabanka smárikis á borð við Ísland er krafa um faglega ráðningu stjórnenda slíks banka óumdeild. Viðskiptaráð lagði til í skýrslu sinni *The Internationalisation of Iceland's Financial Sector*, sem gefin var út í nóvember í fyrra, að erlendir sérfræðingar yrðu fengnir til að framkvæma heildarúttekt á peningamálastefnu Seðlabankans. Einn angi slíkrar úttektar hlýtur að varða stjórn og stjórnendur Seðlabankans og hvernig best megi haga skipan þeirra – verkefnum bankans og hag þjóðarbúsins til framdráttar. Forsætisráðherra tók undir þessa tillögu Viðskiptaráðs í ræðu sinni á aðalfundi Seðlabankans í fyrra og formaður stjórnar Seðlabankans, í ræðu sinni á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs fyrir rétt rúmum tveimur vikum, taldi einnig mikilvægt að ráðist yrði í slíka úttekt.

Að mati ráðsins ætti að ráðast í þessa úttekt sem allra fyrst og bíða með breytingar á skipan stjórnar og stjórnenda Seðlabankans þar til niðurstöður hennar liggja fyrir.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs